

boðin slíkum manni eða félagi eins og S. Davidsen vill láta álíta sig, sem ástæðulaus og meiðandi fyrir aðaláfrýjanda, og verður því eftir kröfu hans að dæma hana dauða og ómerka.

Eftir framangreindum úrslitum málsins ber stefnda að greiða aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir báðum réttum 120 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðs-stöð greiði aðaláfrýjanda Salomon Davidsen í Kaupmannahöfn 3783 kr. 64 a. með 6% vöxtum frá 14. sept. 1907 til 20. s. m. og 7% vöxtum p. a. frá 20. sept. 1907 til borgunardags og í málskostnað 120 kr.

Að því er gagnsóknina snertir, staðfestist hinn áfrýjaði dómur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúarmán.

Nr. 36/1908: Firmað Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn
 gegn
 alþingismanni Jóni Jónssyni frá Múla.

D ó m u r:

Árið 1899 settu nokkrir menn á stofn á Seyðisfirði félagsverzlun, er eingöngu skyldi verzla með drykkjarföng

af ýmsum tegundum. Forstjóri þessarar verzlunar var ráðinn kaupmaður nokkur á Seyðisfirði A. Rasmussen, er fluttist fyrir nokkrum árum alfarinn til Vesturheims. Stofnendur félagsverzlunar þessarar sneru sér til áfrýjanda þessa máls, firmans Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn, og fengu hann til að gerast umboðsmaður verzlunarinnar, og til þess að tryggja lánstraust verzlunarinnar hjá nefndum umboðsmanni rituðu stofnendur eða hluttakendur í félaginu undir ábyrgðarskjal 23. desbr. 1899, þar sem þeir — einn fyrir alla og allir fyrir einn — tóku að sér ábyrgð á skilvísri greiðslu á öllu því, er áfrýjandi kynni að lána félagsverzlun þessari. Hinn stefndi, alþingismaðurur Jón Jónsson frá Múla, er einn meðal þeirra, er undir skjal þetta hafa skrifað.

Þegar félagsverzlun þessi byrjaði starf sitt, hafði forstjóri hennar um nokkur ár haft verzlun á Seyðisfirði, og hélt hann áfram að reka hana jafnhliða því, er hann stýrði félagsverzluninni. Sjálfur hafði hann haft og hélt áfram að hafa sama umboðsmann í Kaupmannahöfn og þann, er fenginn var fyrir félagsverzlunina, áfrýjanda Chr. Nielsen. Þann 31. desember 1901 virðist félagsverzlun þessi hafa hætt að starfa, og var hún þá í rúmlega tvö þúsund kr. skuld við áfrýjanda, en upp í hana voru á árinu 1902 greiddar nokkrar smáupphæðir, þannig að skuldin komst ofan í 1789 kr. 17 au. Þessa upphæð ásamt vöxtum til ársloka 1906 eða 2258 kr. 79 a., telur áfrýjandi sig eiga hjá nefndri félagsverzlun, og þar sem eigendur hennar reyndust ófúsir til að greiða upphæðina, höfðaði hann fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar mál á hendur stefnda, sem ritað hafði undir frammannefnt ábyrgðarskjal 23. desbr. 1899, og krafðist þess, að hann yrði

dæmdur til að greiða nefnda upphæð með 6% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi 30. apríl 1907 til borgunardags og til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Lauk máli þessu svo, að með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 7. apríl 1908, var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. ágúst f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2258 kr. 79 a. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir undir, og yfirdómi eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Í ágústmánuði 1902 sendi hinn umgetni kaupmaður og forstjóri félagsverzlunarinnar, A. Rasmussen, áfrýjanda til umboðssölu nokkuð af íslenskum vörum, og eru málsaðilar sammála um það, að andvirði þessarar vöru-sendingar hafi numið hærri upphæð en skuld félagsverzlunarinnar við áfrýjanda þá var; hefir stefndi haldið því fram, að vörur þessar hafi verið eign félagsverzlunarinnar, að A. Rasmussen hafi sent þær sem forstöðumaður þeirrar verzlunar, og hafi hann með vörusendingunni skrifað áfrýjanda ráðstöfunarbréf dags. 4. ágúst 1902, og í því bréfi lagt svo fyrir, að andvirði varanna skyldi ganga til lúkningar á skuld félagsverzlunarinnar, að því er hún næmi, en afgangurinn skyldi ganga inn í reikning Rasmussens sjálfs. Byggir stefndi sýknarkröfu sína á því, að áfrýjandi hafi verið skyldur til þess, að taka þessa ráð-

stöfun á andvirði varanna til greina, og hafi hann þannig þegar árið 1902 fengið hina umstefndu skuld greidda.

Af áfrýjanda hálfu hefir því bæði fyrir undirrétti og hér fyrir réttinum verið fastlega neitað, að hið umgetna bréf 4. ágúst 1902 hafi innihaldið nokkra slíka ákveðna fyrirskipun um andvirði hinnar sendu vöru. Vörurnar hafi verið sendar frá Rasmussen sem hans eign, en í nefndu bréfi hafi Rasmussen mælst til þess, að skuld félagsverzlunarinnar væri færð yfir á sig, en það hafi áfrýjandi neitað að gjöra að svo stöddu, það yrði undir því komið, hvað Rasmussen greiddi upp í skuld sína við áfrýjanda síðar á árinu, sbr. bréf áfrýjanda 25. ág. 1902.

Stefndi hefir alls enga sönnun fært fyrir því, að um ræddar vörur, er Rasmussen sendi áfrýjanda í ágúst 1902 hafi verið eign félagsverzlunarinnar; þvert á móti verður ekki annað ráðið af bréfi áfrýjanda til Rasmussen 25. ág. 1902, en að vörur þessar hafi verið verzlunarvörur Rasmussens sjálfs, því þar furðar áfrýjandi sig á því, að Rasmussen skuli ekki hafa fengið meira af íslenzkum vörum í verzlun sína, en það er hann hafi sent, og að öðru leyti eru málsaðilar, svo sem fram hefir verið tekið, ósamdóma um innihald bréfsins 4. ágúst 1902. Bréf þetta hefir ekki verið lagt fram, hvorki á frumriti né eftirriti.

Stefndi hefir lagt fram yfirlýsingu bréfitarans um að hann 19. okt. 1903 hafi ekki eftirrit af því, og því hefir stefndi ekki getað lagt það fram; aftur á móti hefir áfrýjandi haldið því fram, að bréfið hafi glatast og geti hann því ekki orðið við áskorun stefnda, að leggja það fram.

Því til sönnunar að A. Rasmussen hafi í umræddu bréfi 4. ágúst 1902, gjört áður umgetna ráðstöfun á and-

virði varanna, hefir stefndi lagt fram bréf frá Rasmussen dags. 19. okt. 1903, þar sem hann (Rasmussen) segir, að í fyrra sumar (sumarið 1902) hafi hann sent áfrýjanda fulla greiðslu á skuld félagsverzlunarinnar með ull, en að áfrýjandi hafi í heimildarleysi og gagnstætt fyrirskipunum sínum látið hjá liða að færa félagsverzluninni þetta til góða, heldur hafi hann fært upphæðina inn í sinn eigin (Rasmussens) reikning; heldur stefndi því fram, að þessi skýrsla Rasmussens fái verulegan stuðning við þar að lútandi ummæli í bréfi áfrýjanda til Rasmussens 25. ág. 1902; þar segi áfrýjandi: »(jeg) venter med at kreditere Fællesudsalget, til jeg har set, hvad Dækning der kommer fra Dem«, en í hinum tilfærðu orðum felist viðurkenning áfrýjanda fyrir því, að í bréfinu frá 4. ágúst hafi verið lagt fyrir hann að greiða sér skuld félagsverzlunarinnar með andvirði varanna, og að endingu hefir stefndi tekið fram, að áfrýjandi hafi lagt fram öll bréf Rasmussens viðvíkjandi viðskiftum félagsverzlunarinnar, að þessu einu undanskildu; beri þetta ljósán vott þess, að hann annaðhvort trássist við að leggja bréfið fram, þótt hann hafi það í sínum vörzlum, eða að hann hafi eyðilagt það, til þess að það yrði ekki notað sem sönnunargagn á móti honum í máli þessu.

Hvað yfirlýsingu Rasmussens viðvíkur um innihald nefnds bréfs, þá verður hún ekki talin ábyggileg, því bæði er það ólíklegt, að hann hafi treyst sér til að gjöra slíka ákveðna ráðstöfun um andvirði varanna sökum undangenginna loforða sinna um að láta allar vörur sínar ganga til áfrýjanda, og sökum þess, hvað hann var orðinn honum háður í peningasökum, og svo var hann bæði sem forstöðumaður félagsverzlunarinnar og sem einn af

ábyrgðarmönnum hennar viðriðinn málið, enda er það ekki sennilegt, ef bréfið hefir verið svo þýðingarmikið fyrir félagsverzlunina, að Rasmussen hafi ekki hirt um að hafa eftirrit af því, og það verður ekki álitð, að í bréfi áfrýjanda 25. ágúst 1902 finnist nokkur stuðningur fyrir nefndri staðhæfingu, því orð þau í bréfinu, er stefndi sérstaklega hefir lagt áherzlu á, þurfa ekki að lúta að öðru en því, að Rasmussen hafi beðið áfrýjanda að greiða skuld félagsverzlunarinnar fyrir sig.

Þar sem áfrýjandi frá upphafi hefir haldið því fram, að umrætt bréf sé glatað, og þar sem ekki er ástæða til að ætla, að þessi fullyrðing hans sé röng, eða að hann í sviksamlegum tilgangi hafi eyðilagt bréfið, þá er ekki heimild til að leggja staðhæfing stefnda um innihald bréfsins til grundvallar fyrir úrslit þessa máls.

En jafnvel þótt gengið væri út frá því, að Rasmussen hefði í nefndu bréfi lagt svo fyrir, að skuld félagsverzlunarinnar skyldi greiðast af andvirði hinnar sendu vöru, þá verður samt að líta svo á, að Rasmussen hafi eftir á fallið frá þessari ráðstöfun á andvirði vörunnar, þar sem hann hreyfði engum mótmælum gegn því, að alt andvirði hennar var fært inn í reikning hans við áfrýjanda, en hafi hann haft rétt til að ráðstafa andvirði hennar upp í skuld félagsverzlunarinnar, verður og að álíta að hann gagnvart áfrýjanda hafi verið bær um að falla frá þeirri ráðstöfun.

Samkvæmt framansögðu verður að álíta, að stefndi hafi ekki fært sönnur á, að hin umstefnda skuld sé greidd, en um upphæð hennar hefir eigi verið ágreiningur milli málsaðila, og ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda umræddar 2258 kr. 79 a. með 6%.

ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi alþingismaður Jón Jónsson frá Múla greiði áfrýjanda firmanu Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn 2258 kr. 79 a. með 6 0/0 ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. febrúarmán.

Nr. 52/1908: Oddur Gíslason fyrir hönd
 bæjarstjórnar Reykjavíkur
 gegn
 hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps.

D ó m u r:

Fyrir fardagaárið 1907—1908 lagði hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps aukaútsvar á Reykjavíkurbæ, að upphæð kr. 209,67, og var útsvar þetta lagt á bæinn fyrir Elliðaár, eins og segir í útsvarssæðli þeim, dags. 1. des.